
Vísitala neysluverðs hækkar um 0,28% í maí

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,28% milli mánaða í maí og ársverðbólgan hækkaði úr 1,4% í 1,6%. Spár greiningaraðila lágu á bilinu 0,2% til 0,4% en við spáðum 0,4% hækkun verðlags milli mánaða. VNV án húsnæðis hækkaði um 0,3% milli mánaða og mælist árstakturinn nú einnig 0,3% og er því 6 mánaða verðhjöðnunar tímabili lokið að sinni.

Helst kom á óvart mikil hækkun á mat og drykkjarvörum (+0,14% áhrif á VNV) og skýrist það að hluta til af hækkun á verði kjötvöru í kringum verkföllin undanfarið, en minna framboð hefur verið af kjötvörum en ella. Aðrir liðir hækkuðu minna en við höfðum spáð. Hækkun húsnæðisliðarins má helst rekja til hækkunar á greiddri húsaleigu (+0,03% áhrif á VNV) en einnig hækkaði húsnæðisverð lítillega (+0,01% áhrif á VNV). Eldsneytisverð hækkaði í takt við spár greiningaraðila (+0,08% áhrif á VNV). Á hinn bóginn lækkaði ferðaliðurinn að frátöldu eldsneyti (-0,07% áhrif á VNV) og vegur þar lækkun flugfargjalda til útlanda þyngst.



Heimildir: Hagstofa Íslands, Greiningardeild Arion banka

Bráðabirgðaspá okkar fyrir næstu mánuði helst óbreytt frá því í apríl. Við gerum ráð fyrir að verðlag hækki um 0,3% júní en lækki um 0,3% í júlí í kringum sumarútsölur. Þá spáum við að verðlag hækki um +0,3% í ágúst og mun ársverðbólgan þá standa í 1,5%.

Helstu atriði í maí mælingunni:

- **Matarkarfan hækkar myndarlega.** Það kom nokkuð á óvart að matvara hækkar myndarlega í mánuðinum ólíkt þróuninni undanfarið. Kjöt hækkar um 2% og þar af lambakjöt mest en takmarkað framboð hefur verið af kjötvörum í kringum verkföllin. Einnig hækka ávextir um 3,09%. ***Áhrif á VNV: +0,14%***

- **Eldsneyti hækkar í takt við spár.** Bensín hækkar um 1,16% en dísel lækkar um 0,5% í mælingum Hagstofunnar og er það nokkuð í takt við spár. ***Áhrif á VNV: +0,08%***

- **Flugfargjöld til útlanda lækka í verði.** Ef horft er til ferðaliðarins án eldsneytis hafði hann -0,07% áhrif til lækkunar á VNV. Þar vegur þyngst lækkun flugfargjalda til útlanda en þau lækkuðu um 5,1%. Flugfargjöld innanlands hækkuðu um 5,3% en lítil hreyfing var á öðrum liðum. ***Áhrif á VNV: -0,07%***

- **Húsaleigan hækkar húsnæðisliðinn.** Húsnæðisliðurinn hækkar lítillega en skýringin liggur aðallega í hækkun á greiddri húsaleigu (+0,03% áhrif á VNV) á meðan húsnæðisverð hækkar lítið sem ekkert. Reiknuð húsaleiga hafði +0,01% áhrif til hækkunar á VNV. ***Áhrif á VNV: +0,04%.***

- **Póstur og sími hækkar.** Hækkun á póst og síma má rekja til hækkun á verði símaþjónustu. Bæði farsímaþjónusta og heimilissímaþjónustu hækkuðu en einnig verð á símtækjum. ***Áhrif á VNV: +0,05%.***

- **Hótel og veitingastaðir hækka yfir háannatíma.** Hótel og veitingastaðir hækka um 0,89% og er það nokkuð í takt við helstu spár en háannatíminn er að hefjast um þessar mundir. ***Áhrif á VNV: +0,05%.***

Líkur á aukinni verðbólgu og vaxtahækkun í júní


Nýverið voru birt drög að kjarasamningi VR, LÍV, Flóafélaganna og StéttVest við SA. Verði samningurinn undirritaður munu lægstu taxtar VR hækka um 31,1% á þriggja ára tímabili. Stefnt er að því að lágmarkstekjutrygging nemi 245 þús. kr. frá og með 1. maí sl. og verði 300 þús. kr. í lok samningstímabilsins. Þá er líklegt að samningurinn muni lita kjaraviðræður framundan og má gera ráð fyrir að svipaðar launahækkanir verði hjá öðrum stéttum. Hér er um þó nokkrar launahækkanir að ræða og umtalsvert yfir því sem samræmist verðbólgumarkmiði Seðlabankans. Því er líklegt að launahækkanirnar muni setja þrýsting á verðlag á innlendum neysluvörum næstu misseri á sama tíma og draga mun úr áhrifum verðhjöðnunar af innfluttum vörum. Við gerum því ráð fyrir að verðbólga fari hratt hækkandi með haustinu og ef litið er til nýbirtrar fundargerðar Seðlabankans eru allar líkur á að bakinn mun bregðast við með stýrivaxtahækkun í júni. Litlar breytingar eru gerðar á bráðabirgðaspá okkar að sinni en þegar nánar liggur fyrir um niðurstöðu kjarasamninga verður spáin uppfærð og eru þá meiri líkur á að spáin verði færð upp á við en niður á við.

Helstu atriði í bráðabirgðaspánni:

- **Júní +0,3%.** Við spáum að matarkarfan hækki ásamt ferðaliðnum en minni breytingar verði á öðrum liðum.

- **Júlí -0,3%.** Sumarútsölurnar hefjast þar sem föt og skór lækka helst í mánuðinum. Einnig er áætlað að húsnæði hækki áfram í verði og að matarkarfan hækki.

- **Ágúst +0,3%.** Útsöluáhrifin ganga til baka og hafa áhrif til hækkunar en á móti vegur lækkun á ferðaliðnum.



Heimildir: Hagstofa Íslands, spá Greiningardeildar Arion banka

Greiningardeild Arion banka

Anna Hrefna Ingimundardóttir
anna.ingimundardottir@arionbanki.is

Elvar Ingi Möller
elvar.moller@arionbanki.is

Hrafn Steinarsson
hrafn.steinarsson@arionbanki.is

Konráð S. Guðjónsson
konrad.gudjonsson@arionbanki.is

Stefán Broddi Guðjónsson
stefan.gudjonsson@arionbanki.is

Forstöðumaður

Regína Bjarnadóttir
regina.bjarnadottir@arionbanki.is
444-6969

Hér má finna fyrirvara